

um frumv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá mentamálanefnd.

Nefndinni er kunnugt um, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir andmælt framgangi þessa máls; en hjer finst nefndinni sem bæjarstjórnin líti of smáum augum á málið. Bæjarfulltrúunum hlýtur að vera það kunnugt, hve miklir feikna örðugleikar eru orðnir á því að halda hjer uppi sjónleikum, svo í nokkru lagi sje, og hvilíkt erfiði og vinna er því samfara, og þá sjerstaklega sökum húsnæðisleysis eða vöntunar á hentugu húsi, en hinsvegar til lítils að vinna fyrir leikendur. Þessu til skýringar leyfir nefndin sjer að taka upp nokkur atriði úr skýrslu frá Leiksfjelagi Reykjavíkur, sem nær yfir tímabilið frá 1897 til 1922.

Meðal annars segir svo í skýrslunni, að fyrstu 10 árin hafi kaup leikenda verið 1 til 5 kr. fyrir hvert kvöld, er leikið var. Svo hafi það hækkað upp í alt að 10 kr. fyrir hvert leikkvöld, og síðustu 5 árin hafi elstu aðal-leikendur fengið 25 kr. fyrir hvert kvöld, er þeir hafi leikið. Fyrir smáhlutverk hafi mest verið borgað 2 kr. fyrir leikkvöld. Að æfa leikrit tekur að jafnaði mánaðartíma með 3—6 tíma vinnu á dag.

Af þessu má sjá, hversu vel haldnir leikendurnir eru.

Þá er lýst í skýrslunni, að Leiksfjelaði hefir látið sjer ant um að sýna útlend leikrit af ýmsu tægi eftir heimsfræga leikritahöfunda, en þó jafnframt hlýnt mjög að innlendri leikritasmið, eins og kunnugt er.

Enn fremur stendur svo í skýrslunni:

Reynslan hefir sýnt, að kröfur til leiks og útbúnaðar vaxa með hverju ári, einkum síðan kvikmyndahúsin eflidust og buðu gestum sínum betra hús og meiri þægindi. Sem dæmi eru Víkingarnir á Hálogalandi. Fyrir meira en 20 árum voru þeir sýndir, og þá oftar en nú, þó íbúar bæjarins væru þá hálfu færri og hús (G. T. húsið) og útbúnaður mjög miklu lakari og ófullkomnari en í vetur.

En þó óþægindin í leikhúsinu, sem gestir þess verða að búa við, sjeu mikil, þá eru þó örðugleikar leikenda og Leiksfjelaðsins enn meiri. Vegna annarar notkunar á Iðná hefir t. d. orðið að leigja herbergi úti í bæ til að æfa í nú síðustu árin. Hversu mikil óþægindi og tímatöf það hefir í för með sjer, skilst naumast öðrum fullkomlega en þeim, sem reyna það. Fyrst að vera þar með samlestur og æfingar og síðan að eiga

að haga sjer eftir ákveðnum atvikum á leiksviðinu. Enda ber það oft við, að æfingar í öðru húsi verða því nær ónýtar þegar á leiksviðið kemur, leikendur tala ýmist of hátt eða gagnstætt, vegna stærðarmunar á húsunum, sem talað er í, og sama er um hreyfingar og önnur atvik; hvað eina þarf að æfast á sínum stað frá byrjun.

Enn eru þeir örðugleikar Leikfélagsins hin síðari ár, sem stafa af vöntun á húsnæði til að geyma í leiktjöld og búninga m. m. Þetta hefir ekki eingöngu bakað fyrirhöfn og óþægindi, heldur líka aukinn flutningskostnað, sem numið hefir mörgum hundruðum króna á ári, auk skemda vegna flutninga og slæmra geymslustaða. Sem stendur eru leiktjöld og búningar m. m. í geymslu hjá C. Zimsen, inni í Nýborg, suður á Laufásvegi og uppi á barnaskólalofsti, en þangað verður ekki komist nema á vissum tíma vegna skólabarnanna,

Í fáum orðum sagt: Þjettmætar kröfur fólks annarsvegar og örðugleikarnir á að fullnægja þeim hinsvegar virðast ótvírætt benda til þess, að sæmilegar leiksýningar leggist hjer niður með öllu, ef ekki tekst að fá betra húsnæði og aðbúnað, svo fyrir leikhúsgesti sem leikendur, í náinni framtíð.

Bæði að þessu athuguðu og svo því, að ekkert virðist eðlilegra en einmitt það, að skattur af opinberum skemtunum sje notaður til þess að efla leiklistina, sem er sú tegund skemtana, sem hefir mest menningarlegt gildi og hefir mestu og bestu siðbætandi áhrifin, og enn fremur að því athuguðu, að ekki er líklegt, að þessu máli, leikhúsbýggingu, verði á annan veg hrundið í framkvæmd í náinni framtíð fyrir almannaþje, en viðbúið, að öll sæmileg leiklist leggist hjer niður að öðrum kosti, þá vill nefndin eindregið mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Vegna þess hversu áliðið er þingsins, vill nefndin ekki leggja til, að rumv. verði breytt neitt hjer í háttv. deild, enda þótt því að álitni nefndarinnar hafi að mun verið spilt við 3. umræðu í háttv. Nd., með því að takmarka það að eins við nokkra kaupstaði.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 2. maí 1923.

Ingibjörg H. Bjarnason,
formaður.

Karl Einarsson,
framsögum.

Jónas Jónsson,
fundaskrifari.